



Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjövgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lífi´ í Jesú nafni,
í Jesú nafni´ eg dey,
þó heilsa´ og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti´ eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.
Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Næturljóð

F. Chopin

Prestur: sr. Práinn Haraldsson

Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Einsöngur: Bjarni Atlason

Söngur: Kammerkór Akranes Kirkju

Útfararþjónusta Akranes Kirkju

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

**Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í Safnadarheimilinu Vinaminni
að athöfn lokinni**



Katrín Georgsdóttir

Fædd 1. september 1932

Dáin 1. október 2024



*Útför frá Akranes Kirkju
fimmtudaginn 24. október 2024*

Tónlist fyrir athöfn

Forspil *Ave María* S. Kaldalóns

Bæn

Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálmum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og bað.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljastað.

Þín braut er þyrnum þakin,
hver þyrmir falskur koss.
Ég sé þig negldan nakinn
sem niðing upp á kross.
Ég sé þig hæddan hanga
á Hausaskeljastað. -
Pann lausnardaginn langa
var líf þitt fullkomnað.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.
David Stefánsson frá Fagraskógi

Ritningarorð

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á dagarnótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!
Jón Nordal - Jónas Hallgrímsson

Ritningarorð

Hvert örstutt spor var auðnspor með þér,
hvert andartak er tafðir þú hjá mér
var sólskinsstund og sæludraumur hár,
minn sáttmáli við guð um þúsund ár.

Hvað jafnast á við andardráttinn þinn?
Hve öll sú gleði er fyrr naut hugur minn,
er orðin hljómlaus utangátta og tóm,
hjá undrinu að heyra þennan róm,

hjá undri því, að líta lítinn fót,
í litlum skóm, og vita að heimsins grjótt,
svo hart og sárt er honum fjarri enn,
og heimsins ráð sem brugga vondir menn,

já vita eitthvað anda hér á jörð,
er ofar standi minni þakkargjörð,
í stundareilífið eina sumarnótt.
Ó alheimsljós, ó mynd sem hverfur skjótt
Halldór K. Laxnes

Guðspjall

Dagur er liðinn, döggu skín um völlinn,
dottar nú þröstur á laufgrænum kvist.
Sefur hver vindblær, sól guðs við fjöllin
senn hefur allt að skilnaði kysst.
Dvel hjá oss, guðs sól, hverf ei með hraða,
himneskt er kvöld í þinni dýrð;
ljósgeislum tendrast lífsvoinin glaða.
Lýs vorri sál er burt þú flýrð.

Guðfagri ljómi, geislann þinn bjarta
gráta mun jörðin með társtímda brá.
Seg hverju blómi, seg hverju hjarta:
“Senn skín þinn morgunn við himinfjöll blá.”
Hníg þú nú, guðssól, að helgum beði
harmdöggu mun breytast í feginn tár;
kvöldhryggðin ásthrein til árdags gleði
upprís við dýrðar morgunsár.
Bechgaard - Steingrímur Thorsteinsson

Minningarorð

Einsöngur Nótt

Árni Thorsteinson - Magnús Gíslason

Bæn / Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öllum börnin þín, svo blundi rótt.

*Foersom / Sveinbjörn Egilsson - Matthías Jochumsson -
P.C. Crossing 1820 P.C. Crossing 1820*